

## Velferðarnefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið

Reykjavík, 16. apríl 2021

### Efni: Umsögn VIRK um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál.

Sérfræðingar VIRK hafa skoðað tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030 og viljum við koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Við hjá VIRK viljum lýsa yfir ánægju okkar með þær áherslur á forvarnir og lýðheilsu sem koma fram í tillögunni og þá ekki síst hvað varðar að skapa þurfi umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum með þátttöku samfélagsins í heild sinni. Í okkar starfi erum við sífellt minnt á að það eru ekki bara heilsufarslegir þættir sem ráða starfsgetu einstaklinga heldur allur aðbúnaður og umgjörð í lífi einstaklingsins.

Eins flott og tillagan er þá verður það samt að segjast að við erum hugsi yfir því að hvergi sé minnst á starfsendurhæfingu í tillögunni þar sem að sú þjónusta hlýtur að teljast forvörn gegn því að einstaklingar falli af vinnumarkaði.

Í tengslum við lýðheilsustefnuna er gaman að segja frá því að, eins og mörgum er kunnugt um, hefur verið starfrækt sérstakt forvarnarverkefni á vegum VIRK allt frá árinu 2018. Markmiðið með forvarnarverkefninu er að styðja við starfsmenn og stjórnendur á vinnustöðum til að sporna við brotthvarfi af vinnumarkaði vegna heilsubrests og þá sér í lagi heilsubrests sem rekja má til langvarandi álags.

Það má segja að forvarnarverkefnið tali beint inn í nokkur atriði í tillögunum og má þá sérstaklega nefna eftirfarandi:

- Líður 4 í 2. kafla tillögunnar segir: „Efla skuli rafræna upplýsingamiðlun til landsmanna um heilsueflingu og forvarnir, svo sem í gegnum Heilsuveru“. Allt frá því í desember 2018 hefur VIRK haldið úti vefsíðunni [www.velvirk.is](http://www.velvirk.is) þar sem hægt er að finna mikið magn upplýsinga sem tengist forvörnum og heilsueflingu með sérstakan fókus á vinnustaðinn, bæði með starfsfólk og stjórnendur í huga.
- Í lið 1 í 4. kafla tillögunnar segir: „Stjórnvöld stuðli að því að allir Íslendingar verði meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu, meðal annars með fræðslu og vitundarvakningu um gildi forvarna og heilsueflingar...“. Í tengslum við forvarnarverkefni VIRK hafa þegar átt sér stað tvær vitundarvakningar sem tala inn í ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu, sú fyrsta undir nafninu „Er brjáláð að gera“ og hin undir heitinu „Virkjum góð samskipti“. Stefnt er að fleiri slíkum í framtíðinni.
- Í inngangi í greinargerð sem fylgir tillögunni kemur eftirfarandi fram: „Áðurnefnd lýðheilsustefna, sem samþykkt var árið 2016, hefur þá framtíðarsýn að sveitarfélög, skólakerfið, vinnustaðir og stofnanir séu heilsueflandi og vinni að því að auka hreyfingu og útivist, bæta mataræði og efla geðrækt landsmanna þar sem slíkt leiðir til betri heilsu og vellíðanar“. Síðan snemma árs 2019 hefur VIRK unnið að viðmiðum fyrir Heilsueflandi vinnustað í

samstarfi við embætti landlæknis og Vinnueftirlitið. Sú vinna er langt komin og stefnt er að því að gera viðmiðin aðgengileg öllum vinnustöðum fyrir lok þessa árs.

- Í innganginum kemur einnig fram að nýta þurfi „*umfangsmiklar fyrirliggjandi upplýsingar um heilsu...*“ „*Þannig er mikilvægt að efla vísindarannsóknir á sviði lýðheilsu á Íslandi*“. Í forvarnarverkefni VIRK er verið að undirbúa stóra rannsókn sem hefur það að markmiði að einangra breytur sem hafa áhrif á hvort að einstaklingar ná að snúa aftur á vinnumarkað eftir lengra veikindaleyfi eður ei. Þegar hefur verið gerð „pilot“ rannsókn í samstarfi við VR stéttarfélag. Stefnt er að því að fara af stað með rannsóknina í haust með þátttöku sem flestra stéttarféлага.

Með bestu kveðju,



Vigdís Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs



Ingibjörg Loftsdóttir

Sviðsstjóri kortlagningar og forvarna hjá VIRK - Starfsendurhæfingarsjóði